

## **58. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, haldinn í fundarsal Hey Iceland í Síðumúla 2, Reykjavík, 16. apríl kl. 11:00.**

Mætt voru: Erla B Örnólfsdóttir (EBÖ), Sveinn Ragnarsson (SR), Jón E. Friðriksson (JEF), Sævar Skaptason (SS), Katrín Sigurðardóttir (KS) og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (GPG) sem ritaði fundargerð.

EBÖ setti fundinn kl. 11:00. Áður en gengið var til dagskrár var fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Útsent dagskrá var samþykkt:

1. Staða háskólans og stefna.  
Styrkleikar og tækifæri, veikleikar og ógnir.
2. Önnur mál.

Gengið til dagskrár.

### **1. Staða háskólans og stefna.**

EBÖ fór yfir samantekt um skólann, hlutverk hans og helstu breytingar á síðustu tveimur árum í öllum deildum og sviðum. Á grundvelli þessarar kynningar var opnað fyrir umræðu um styrkleika og tækifæri, veikleikar og ógnir sem blasa við háskólanum á Hólum á næstu árum. Það sem bar hæst í kynningu EBÖ voru skýr merki um nemendafækkun. Nokkrar umræður urðu um ástæður þessa.

Kynningarmál – mikið rætt um að efla þurfi markvissa kynningu á námi við skólann, skerpa ímyndina verulega og sérstöðuna.

Starfsmannamál – á brattan að sækja við ráðningar starfsfólks sem vill búa á Hólum.

Rætt um skammtímaaðgerðir til þess að efla ímyndina fljótt þannig að það nýtist fyrir umsóknarfrest næstkomandi skólaár. EBÖ ætlar að leita eftir styrkveitingu frá Byggðastofnun til að kynna skólann sérstaklega á landsbyggðinni.

### **2. Önnur mál.**

Tilflutningur stöðu. EBÖ sagði stuttlega frá hvernig það ferli hefur gengið fyrir sig.

Næsti fundur boðaður um miðjan maí í Reykjavík. EBÖ sendir út fundarboð.

Fundi slitið kl. 13:50.